

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.) Hvalfjörður



Dags eftirlits	8.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.)	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Al álvinnslu.

Í eftirlitinu komu fram þrjú ný frávík frá starfsleyfi. Ein útblástursmæling var framkvæmd á árinu 2020 en skulu vera tvær skv. starfsleyfi, styrkur vetnisflúoríðs mælist yfir mörkum starfsleyfis og útstreymisbókhaldi var skilað of seint. Unnið er að úrbótum eldri frávíka er varða útflutning á saltköku, frágang lóðar og styrk vetnisflúoríðs í útblæstri.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Al álvinnslu á Grundartanga.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Síðasta eftirlitsskýrsla og
- Staða úrbóta útstandandi frávíka
- BAT niðurstöður fyrir endurvinnsluframleiðslu á áli, kafli 1.3.4.
- Eftirlitsmælingar skv. gr. 3.1 í starfsleyfi
- Skýrslugjöf skv. gr. 5.3 í starfsleyfi

1. Síðasta reglubundna eftirlit fór fram 8. desember 2020 þar sem að eitt nýtt frávík er varðar mælingar á díoxíni og fúrani kom fram. Mælingar voru framkvæmdar í kjölfarið (í mars 2021) í og telst því úrbótum frávíksins því lokið. Starfsemi Alurs hefur metin í áhættuflokki B og hlýtur þar með eitt reglubundið eftirlit á árinu 2021. Áhættumatið verður endurskoðað að nýju í lok árs.

2. Í eftirlitinu var farið yfir áætlanir um útflutning á saltköku og að tæma gámasæðu fyrir utan verksmiðjuhúsið. Áætlað var að um 1800 tonn af efni væri ennþá í stæðunni. Fyrirhugað er að klára frágang lóðar þegar búið er að tæma gámasæðuna. Þá er verið að þróa aðferð við að bæta sorbicalí inn á hreinsivirkni til að draga úr losun vetnisflúoríðs í útblæstri.

3. Starfsemi Als álvinnslu ber að uppfylla kröfur BAT niðurstaðna vegna iðnaðar með járnlausan málm. Kafli 1.3.4 í BAT niðurstöðum fjallar um endurvinnslu á áli. Unnið er að uppfærslu starfsleyfis Alurs meðal annars með tilliti til BAT niðurstaðnanna.

4. Útblástursmælingar skulu framkvæmdar tvisvar sinnum á ári og mælingar á síruki árlega samkvæmt núgildandi starfsleyfi Alurs. Ein mæling í útblæstri var framkvæmd í nóvember 2020 og ein mæling í apríl 2021. Styrkur vetnisflúoríðs í útblæstri mældist ennþá yfir starfsleyfismörkum í mælingunum 2021 en þó töluvert lægri en í mælingunum 2019 og 2020. Eins og fram kom hér ofar er unnið að úrbótum til að lækka styrk vetnisflúoríðs í útblæstri. Hávaðamælingar voru síðast gerðar árið 2019 en þær skulu gerðar á 5 ára fresti og því næst árið 2024.

5. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2020 var skilað 28. apríl árið 2021 og útstreymisbókhaldi þann 3. júní. Samkvæmt reglugerð ber að skila þessum gögnum fyrir 1. maí ár hvert. Yfirlit yfir mælingar kemur fram í græna bókhaldinu.

Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna. Staðfest var að unnið er að úrbótum og ekki tilefni til frekari athugasemda.

Grein 3.1 í starfsleyfi

Útblástursmælingar skulu gerðar tvisvar sinnum á ári en einungis ein mæling var framkvæmd árið 2020.

Grein 3.4 í starfsleyfi og reglugerð 990/2008 Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí ár hvert fyrir rekstrarárið á undan. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2020 var skilað 3. júní 2021.

Grein 2.5 í starfsleyfi

Styrkur vetnisflúoríðs mældist yfir starfsleyfismörkum í útblástursmæingum 2020 og 2021. Styrkurinn mældist 22,5 mg/Nm³ í nóvember 2020 og 6,5 mg/Nm³ í september 2021. Starfsleyfismörkin fyrir flúorefnasambönd eru 2,5 mg/Nm³.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.07.2022

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir

